



FRÉTTABRÉF FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMAMMA / OKTÓBER 2022

Fréttabréf FÍA



FYRSTA RAFFLUGVÉL
ÍSLANDS

REYKJAVÍK
FLIGHT SAFETY
SYMPOSIUM

FIMMTUDAGURINN 13/10 2022

NÝ STAÐSETNING:
GULLHAMRAR

JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON, FORMAÐUR FÍA

GJÖFULT SUMAR AÐ BAKI



Nú er sumri lokið og haustið tekið við. Það er sammerkt með öllum flugrekendum sem eru í kjarasamningssambandi við FÍA að sumarið sem leið var gjöfult. Við flugmenn höfum fundið að það eru næg verkefni og flutningar á fólki og vörum hafa verið með mesta móti. Endurræsing fyrirtækjanna eftir Covid hefur þó ekki verið þrautalaus. Mikið hefur mætt á flugmönnum og viðhaldsdeildum fyrirtækjanna sem og öllu starfsfólki sem að flugrekstri og almennri afgreiðslu kemur. Það kemur enn og aftur í ljós að hversu dýrmætt það er fyrirtækjunum að hafa á að skipa einvala liði starfsfólks sem er hryggjarstykkið í þessari flóknu og krefjandi starfsemi.

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að allir flugmenn **Flugfélags Íslands** eru nú komnir aftur til starfa. Ennfremur stefnir í nýráðningar hjá **Flugfélaginu Atlanta** á næsta ári. Hjá **Icelandair** er útlit fyrir að allir flugmenn á starfsaldurslista verði komnir til starfa næsta vor.

Eins krefjandi og þær aðstæður sem við höfum verið að ganga í gegnum sl. 2 ár hafa verið, þá tel ég það til gæfu okkar að hafa gengið til samninga við flugfélögin strax á fyrrihluta árs 2020. Önnur flug- og stéttarfélög vestan hafs og austan eru og hafa verið að glíma við vandamál eins og mönnunarmál sem hamla vexti. Það hefur reynst þeim erfitt á sama tíma og verið er að vinna að endurræingu og viðbragði við aukinni ferðapörf. Flugáætlanir fyrir komandi vetur og næsta sumar bera þess merki að ferðavilji fólks er vissulega til staðar sem gefur okkur tilefni til bjartsýni.

Það verður áhugavert að fylgjast með kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði í haust. Mikilvægt er að aðilar sem að samningunum koma sýni skynsemi og ráðdeild. Það fer enginn varhluta af vaxandi verðbólgu og hækkandi vaxtastigi sem koma mis illa við heimilin og fyrirtækin í landinu. Við flugmenn eru hluti af þeim einstaklingum sem þyngst tóku högginn í Covid. Fyrirtækjunum okkar voru allar bjargar bannaðar og tekju-missirinn var mikill fyrir velflest okkar. Aðrar stéttir utan flugrekstrar og ferðapjónustu voru minna eða ekkert varar við samdráttinn.

Það mun þurfa samstillt átak til að snúa vörn í sókn í þessum efnunum. Stöðugt efnahagsástand, hóflegur hagvöxtur og áframhaldandi framleiðni eru forsendur þeirra lífsgæða sem við búum við. Það er á ábyrgð okkar allra að búa svo um hnútanna að við missum ekki stjórn á aðstæðum. Þó má færa rök fyrir því að stjórnvöld beri sínu meiri ábyrgð á því hvernig komið er en launþegar eða fyrirtæki.

Ég hef áður gagnrýnt þær stjórnvaldákvarðanir sem teknar voru í covid ástandinu. Það hefur aldrei stýrt góðri lukku þegar stjórnvöld ákveða að prenta peninga og safna óhóflegum skuldum. Í miðju Covid ástandinu var sífellt kirjað að við ættum að treysta vísindamönnunum og að við værum jú öll í þessu saman. Nú er að komið á daginn að viðbrögðin voru röng og hafa stórskaðað fólk, heimili og fyrirtæki um allan heim með þeim áhrifum á efnahagskerfi heimsins sem við erum að vitna nú. Það verður sífellt áhugaverðara að fylgjast með loftfímleikum hagfræðinga og stjórnspekinga sem reyna að telja okkur trú um að efnahagsástandið sé ekki afleiðing stjórnvaldsákvarðana í Covid. Hitt er þó satt að nú fyrst erum við öll í þessu saman.

Ég fæ iðulega spurningar um félaga okkar sem starfa hjá flugfélaginu **Play**. Hver staðan sé og hvort vilji sé í þeim hópi að ganga í FÍA þar sem margir áttu heimili áður fyrr. Það er einlæg von mín og vonandi okkar allra að svo megi verða. Nokkrir flugmenn **Play** hafa komið að orði við mig á óformlegum nótum og lýst vilja sínum til að vera hluti af sameinaðri heild innan vébanda FÍA. Það er ljóst í mínum huga að sá kjarasamningur sem gerður var við stofnun **Play** er ekki físiilegur til frambúðar og margt sem þyrfti að laga í kjörum aðbúnaði félaga okkar sem þar starfa. Í öllu falli er það hagsmunamál fyrir flugmenn að vera sameinaðir undir merkjum eins stéttarfélags.

FÍA er félag með yfir 75 ára sögu. FÍA stendur sterkt fjárhagslega og hefur á að skipa gríðarlegri reynslu og sterkum innviðum með aðild að alþjóðasamtökum flugmanna.

Eftirspurn eftir flugmönnum eykst í heiminum með degi hverjum og sumstaðar, einkum vestanhafs og í Asíu er farið að bera á flugmannaskorti. Útlit er fyrir að það vandamál muni ekki hverfa af sjálfu sér. Flest höfum við tekið eftir umræðu um hækkun á starfsaldri flugmanna úr 65 árum í 67. **Alþjóðasamtök flugfélaga (IATA)** hafa farið þess á leit við **Alþjóða flugmála-stofnunina (ICAO)** að efri mörk starfsaldurs verði tekin til endurskoðunnar. Á því máli eru fleiri en ein hlið sem verður áhugavert að skoða. Til að mynda út frá rétti fólks sem hefur heilsu, færni og áhuga á að stunda þá vinnu sem áunnin réttindi veita. Svo eru það sjónarmið sem lúta að flugöryggi og áhrifum langrar starfsævi í krefjandi og heilsuspillandi umhverfi sem flugið getur sannarlega verið. Síðast en ekki síst er það eftirspurn flugiðnaðarins eftir flugmönnum með reynslu.

Með kærri kveðju
Jón Þór Þorvaldsson
Formaður FÍA



Félagsfundurinn var vel sóttur og góðar umræður spunnust um fjölbreytt málefni

Félagsfundur í september

- Breyting á reglugerð starfsmenntasjóðs

Sjöunda september síðastliðinn var haldinn félagsfundur í sal FÍA í Hlíðasmáranum. Dagskráin var fjölbreytt en þar meðal annars farið yfir stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi, fjármál og rekstur FÍA, málefni flugrekenda innan félagsins og kosið var um breytingu á reglugerð Starfsmenntasjóðs.

Breytingin á reglugerðinni er á þá leið að sjóðfélagar sem misst hafa starf sitt vegna heilsubrests eða hafa lokið starfi sínu sökum aldurs skulu halda fullum réttindum sínum í sjóðnum í 36 mánuði.

[Nánar um reglugerð starfsmenntasjóðs má nálgast hér:](#)

Flugmannakaffi

Hvetjum alla til að mæta

Félag íslenskra atvinnuflugmanna minnir á hið skemmtilega flugmannakaffi sem haldið er á síðasta miðvikudegi hvers mánaðar í húsakynnum félagsins að Hlíðasmára.

Þar hittast flugmenn á öllum aldri, og spjalla um daginn og veginn og fá sér léttu hádegishressingu í Hlíðasmáranum.

Við hvetjum alla til að mæta en næsta flugmannakaffi verður haldið **miðvikudaginn 26. október kl. 10.**

6TH ANNUAL

REYKJAVÍK

FLIGHT SAFETY

SYMPOSIUM

13 OCT 2022 - GULLHÖMRUM

The conference is organized by the Icelandic Airline Pilots' Association

ATTENTION!
NEW
LOCATION!

SPEAKERS:

BIRTA LÍF KRISTINSDÓTTIR

Meteorologist at the Icelandic Met Office
BIKF and ice crystal icing

INGVAR TRYGGVASON

Icelandair Captain - Just culture

ERLA BJÖRNSDÓTTIR

Clinical psychologist, Phd in Sleep
medicine - Sleep and fatigue

MATTHÍAS SVEINBJÖRNSSON

President of the Icelandic Aeronautical Association
Energy exchange in aviation

MELISSA BRAVIN

Propulsion operability engineer at Boeing
Ice crystal icing

JÓHANN WIUM

Aviation Psychologist - Peer Support Systems



TICKETS ON WWW.TIX.IS
MORE INFO ON WWW.FIA.IS

Sponsors



Reykjavík Flight Safety Symposium

Félag íslenskra atvinnuflugmanna stendur árlega fyrir ráðstefnunni „Reykjavík Flight Safety Symposium“, en það er öryggisnefnd FÍA sem á veg og vanda að allri skipulagningu á viðburðinum.

Ráðstefnan dregur til sín fjölbreyttan hóp úr flugiðnaðinum, alls staðar að úr heiminum. Ráðstefnan verður haldin 13. október 2022.

Við vekjum sérstaka athygli á að ráðstefnan verður ekki á Hilton í ár vegna skemmda í veislusal Nordica - en verður þess í stað haldin í veislusal **Gullhamra** sem stendur við Þjóðhildarstíg 2-6, 113 Reykjavík.

FYRIRLESARAR Á RFSS 2022:

MELISSA BRAVIN Ice crystal icing

Melissa Bravin is an Associate Technical Fellow and Propulsion Operability E-UM for Boeing Commercial Airplanes. She is the SME for Inclement Weather and Engine Icing. She is the co-chair for the Ice Crystal Consortium, the co-chair for the Engine Icing Working Group, and the co-chair for the Aviation Rulemaking Advisory Committee (ARAC) devoted to 14 CFR Part 33 Appendix D for recharacterization of the environmental envelope for engine operation in ICI. She was involved in the international HAIC-HIWC (High Altitude Ice Crystals - High Ice Water Content) flight campaigns that led to the recharacterization of the Appendix D envelope. She advises commercial and military programs regarding engine and APU icing compliance testing, and she works closely with the technical pilot community with propulsion-related flight crew procedures. She received her BS in Mechanical Engineering from the University of California, Davis, specializing in powerplants and thermodynamics.



INGVAR TRYGGVASON Just culture

Ingvar Tryggvason is an captain on the Boeing 737MAX at Icelandair and a member of their Flight Data Analysis team. He has worked over 20 years in the airline industry and has extensive experience with CRM ground training, for both pilots and cabin attendants.

Ingvar joined the Safety Committee of the Icelandic Airline Pilots Association (ÖFÍA) in 2013 and served as chairman from 2014 until he resigned in 2022. Has been involved in various flight safety initiatives. He has been at the pinnacle of raising awareness amongst the government about much needed infrastructure improvements at the countries airports. Ingvar who is also a licensed electrician, lives in Kópavogur with his family, the hometown of the pilots association FÍA.



ERLA BJÖRNSDÓTTIR Better sleep - the foundation of health

Erla Björnsdóttir is the founder and CEO of Mobile Health, a company focusing on education, diagnosis and treatment of sleep disorders (Betri Svefn). Erla completed a B.A degree in psychology from the University of Iceland in 2007 and a candidate's degree from the University of Aarhus in 2009. Erla then completed a PhD in sleep medicine from the University of Iceland in January 2015. In her doctoral studies, Erla studied insomnia, mental well-being and quality of life in patients with sleep apnea.

In this lecture, Dr. Erla Björnsdóttir reviews the importance of sleep for health, well-being, and success. Erla will talk specifically about sleep and shift work and sleep in connection with travel.



Reykjavík Flight Safety Symposium

FYRILESARAR Á RFSS 2022:

BIRTA LÍF KRISTINSDÓTTIR

Weather conditions in BIKF and ice crystal icing

Birta Líf started out as a pilot but fell in love with the weather. She has flown in all sorts of weather, taught pilots everything they need to know about the weather and now works as a weather forecaster specializing in aviation weather.

She completed her B.S. degree in Physical Chemistry and her M.S. in Physics with emphasis on meteorology. She now works at the Icelandic Met Office as a general forecaster and specializes in aviation forecasting. She also works as a TV weather presenter for the Icelandic national broadcasting service.

Birta also completed her commercial pilot license and worked briefly as a first officer for Icelandair and has worked as a meteorology teacher at the Icelandic Flight Academy for many years.



MATTHÍAS SVEINBJÖRNSSON

Energy exchange in aviation

Matthías is the President of The Icelandic Aeronautical Association and the Director of Revenue Management and Pricing at Icelandair. He has an M.S. in Mechanical and Industrial Engineering from the University of Iceland but has also trained as a professional pilot, flying for Icelandair for a number of years. He has lectured at Reykjavík University, consulted for IATA; and was the Project Manager for the development of an Aviation Strategy for Iceland for the Ministry of Transport and Infrastructure. Matthías is co-founder of Rafmagnsflug (en. Electric Flying), which imported the first fully registered electric airplane to Iceland this summer.



JÓHANN WIUM

Aviation psychologist - Peer Support

Jóhann is an aviation psychologist and works as the Aviation Psychology Consultant for ICAO. He contributes to the design, development and evaluation of ICAO's aviation psychological and mental health Standards, Recommended Practices and guidance material and works to enhance awareness and training related to the psychological wellbeing and mental health in aviation.

He received his BA degree in Psychology from the University of Iceland and an MA degree in Industrial/Organisational Psychology from NYU (New York University). He is also an EAAP (European Association for Aviation Psychology) accredited Aviation Psychologist and a chartered occupational psychologist by the BPS (British Psychological Society). Jóhann is one of two experts at FÍA (Icelandic Airline Pilot Association) acting as a mental health practitioner for their peer support system in accordance with EU regulation. Jóhann recently joined the board of the European Association for Aviation Psychology and sits on the Advisory Board on Aviation Selection, dedicated to developing and publishing recommended best practices in the selection of pilots, air traffic controllers, air crew and other aviation personnel.



Flugmenn LHG samningslausir í næstum 3 ár

Enn er ósamið við Ríkið vegna flugmanna Landhelgisgæslunnar og í desember næstkomandi verða komin þrjú ár síðan síðasti kjarasamningur rann úr gildi.

Í sumar átti sér stað góð vinna í samningaviðræðum þar sem opnaðar voru vonir FÍA til þess að skilningur á mikilvægi starfsaldurslista og tengsl hans við flugöryggi hefði náð til samninganefndar ríkisins.

Nánar tiltekið féllst nefndin á að í loftferðalögum fælist heimild til þess að færa starfsaldursreglur undir sameiginlegar reglur á milli FÍA og Landhelgisgæslunnar sem myndu tryggja framtíð starfsaldurslista.

Því miður hefur nú komið hikst í þær viðræður en FÍA mun leita allra leiða til þess að standa vörð um flugöryggi og þar með starfsaldurslista flugmanna og bíður nú næstu skrefa hjá ríkissáttasemjara.



ORKUSKIPTI Í FLUGI

VIÐTAL VIÐ MATTHÍAS SVEINBJÖRNSSON

Í sumar hóf fyrsta rafmagnsflugvél landsins sig til lofta og er óhætt að fullyrða að um merk tímamót sé að ræða. Flugmaðurinn hennar var Matthías Sveinbjörnsson, forseti Flugmálafélags Íslands, með forseta Íslands í farþegasætinu. Matthías á einnig veg og vanda að því að kaupa flugvélina til landsins ásamt Friðriki Pálssyni og stofnuðu til þess félagið Rafmagnsflug.

„Við Friðrik höfum um árabil unnið saman að ýmsum málum tengdum flugi. Í samtali okkar Friðriks sumarið 2019 ákváðum við að slá til og kaupa fyrstu vélina til landsins. Við vildum gera þetta í samvinnu við aðra sem koma að flugi og flugrekstri til þess að fyrsta skrefið í orkuskiptunum í flugi yrði tekið sameiginlega,“ segir Matthías en þeir fengu í kjölfarið til liðs við sig Icelandair, Landsvirkjun, Isavia og Hótel Rangá sem eru stærstu hluthafarnir í félaginu. Minni hluthafar eru Flugakademía Íslands, Flugfélagið Geirfugl, Flugskóli Reykjavíkur og Landsbankinn auk Matthíasar sjálfs, Friðriks og Herjólfssonar, framkvæmdastjóra Tesla á Íslandi. „Orkusjóður studdi jafnframt verkefnið auk þess sem Eimskip sá um flutninginn og vélin er tryggð af Concello. Þá hefur Samgöngustofa greitt götur okkar við skráningu vélarinnar og réttindi.“

Fyrsta rafflugvélin með fullgilda skráningu

„Markmiðið með verkefninu eru að vekja athygli á orkuskiptunum í flugi sem eru í fullum gangi. Við vildum vekja alla hlutaðeigandi til umhugsunar um að það væri margt að gerast á þessu sviði og að Ísland þyrfti að taka þátt í þeirri þróun. Besta leiðin væri að fá vél til landsins til þess að ýta við stjórnvöldum, eftirlitsaðilum og þjónustuaðilum auk þess sem fyrstu notendur sem verða flugskólar og einkaaðilar fá innsýn inn í rekstur rafflugvélar.“

- Eru rafflugvélar nægilega þróaðar til að hægt sé að skipta yfir nú þegar, verða umskiptin hröð?

„Við erum með fyrstu vélina í heiminum sem hefur fengið fullgilda skráningu. Aðrar vélar eru á tilraunaskráningu. Stærri vélar eru í farvatninu sem byggja þó á núverandi tækni. Þannig má nefna sænska fyrirtækið Heart Aerospace sem er að þróa bæði 19 og 30 sæta vélar sem munu komast allt að 800 km. Stefnt er að því að þær vélar verði komnar í rekstur á næstu árum.“

Myndir: Matthías Sveinbjörnsson



FYRSTA RAFMAGNS-FLUGVELIN

Nafn:
Pipistrel Velis Electro,

Framleidd í Slóveníu,

Flugþol:
1 klst (án varaflugþols)

Flughraði:
80 kts (150 km/st)

Mynd: Icelandair



Mynd: Icelandair

Mynd: Friðrik Pálsson, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Matthías Sveinbjörnsson og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, við fyrsta flug vélarinnar nú í sumar þegar Matthías og Guðni tóku fyrsta flugið á nýju vélinni.

Innviðir undirbúnir fyrir rafflug

Segja má að innflutningur og skráning vélarinnar hafi reynst ákveðið tilraunaverkefni sem varpaði ljósi á þá þætti innviða sem þarf að aðlaga eða breyta í takti við tækniþróun.

„Til þess að vélin yrði skráð þurfti að fá undanþágur á reglugerðum. Þær liggja nú fyrir og því búið að greiða götur fyrir aðrar vélar í framhaldinu. Við erum þó eflaust ekki búnir á þeirri vegferð og menn eru þó allavega með það á bak við eyrað að þessar vélar séu að koma,“ segir Matthías og bendir einnig á að innviðir á flugvöllum sé heldur ekki tilbúinn fyrir rafvæðingu flugvéla. „Hluti af verkefninu gengur út á að hraða breytingum á innviðum í takt við orkuskiptin. Aðgengi að rafmagni og hleðslustöðvum þarf að aukast samhliða þessari þróun.“

Matthías tekur fram að enn sem komið er sé þessi tækniþreyting ekki byltingakennt hvað flugið sjálft varðar: „Þessi aflgjafi er ólíkur þeim sem við þekkjum í dag. Það eru þó ólíkir hlutir sem þarf að hafa til hliðsjónar þegar þessum vélum er flogið.“

Fjölbreyttur ávinningur orkuskipta í flugi

„Ég held að þessi skipti verði hraðari en menn almennt gera sér grein fyrir. Hér er ekki eingöngu við umhverfisþáttinn að eltast heldur fylgja aðrir kostnaðarþættir og áreiðanleiki með. Menn þekja það best á rafmagnsbílunum. Við þurfum að komast yfir ákveðinn hjall en í kjölfarið mun verða sprenging. Tækninýjungar munu síðan enn frekar hraða þróuninni og fýsileika þess að fara í umhverfissvæna orkugjafa.“

- Hvað með aðra umhverfissvæna orkugjafa sem hafa verið til umræðu, til að mynda vetni. Gerir þú ráð fyrir samkeppni milli vetnis og rafmagns í þeim efnum?

„Rafmagn og vetni eru ekki ólíkur hlutur. Vetni er hægt að nota bæði til brennslu sem og rafmagnsframleiðslu. Þannig eru til vetnisgeymar sem búa til rafmagn fyrir rafmagnsmótora. Núverandi batterí geyma hins vega ekki nægjanlega mikla orku á kílógramm til þess að það virki almennilega fyrir lengri leiðir. Þess vegna eru menn að horfa á vetnið í því samhengi.“

Icelandair og Heart Aerospace

Auk starfa sem forseti Flugmálafélags Íslands starfar Matthías einnig forstöðumaður tekjustýringar hjá Icelandair og segir hann félagið ætla sér að taka virkan þátt í orkuskiptunum í flugi. „Félagið gæti í raun orðið fyrsta félagið sem gæti boðið uppá flugleið yfir Atlantshafið með viðkomu á Íslandi án losunar kolefnis. Það setur félagið í fararbrodd á því sviði.“

Icelandair tekur einnig þátt í norræna samstarfsverkefninu að baki Heart Aerospace sem vinnur að þróun rafdrifinna farþegaflugvéla sem tilbúnar væru til reksturs fyrir 2025. Í september tilkynntu Icelandair og Heart Aerospace að Icelandair myndi taka þátt í að þróa 30 farþega vél sem yrði tekin í notkun hjá Icelandair árið 2028, eftir einungis sex ár. Búið er við að vélin muni nýtast vel í innanlandsflugi en áætlað er að drægni hennar verði um 200 kílómetrar með 30 farþega á rafmagni eingöngu eða 400 kílómetrar með blöndu af rafmagni og sjálfbæru flugvélaeldsneyti.

„Heart Aerospace er með metnaðarfullar áætlanir og hefur fengið fjölda fyrirtækja til liðs við sig. Fyrirtækið er að byggja á núverandi tækni og leggur áherslu á að feta varfærna slóð í flugvélahönnun. Það eykur líkurnar á því að þeirra tímalína muni halda.“

FÍA fyrir þig

Fjöldi úrræða í boði fyrir andlega heilsu

Sjúkrasjóður FÍA býður félagsmönnum, mökum og börnum yngri en 18 ára að sækja sér sálfræði-, félags- eða fjölskylduráðgjöf, 5 tímar í heild, árlega.

Sjóðurinn hefur nú bætt tveimur úrræðum við þjónustu sína: Værð, sem er fjarviðtals sálfræðiþjónusta, og Magnús Stefánsson, áfengis-, fíkní, fjölskyldu- og einstaklingsráðgjafi.

Hér að neðan er listi yfir þau úrræði sem eru í boði. Meðlimir bóka sjálfir tíma hjá viðkomandi aðilum og þurfa þá að taka fram að FÍA greiði reikninginn:

Líf og sál sálfræðistofa

Sími: 511-5508, netfang: lifogsal@lifogsal.is, heimasíða: lifogsal.is

Værð – Fjarviðtals sálfræðiþjónusta

Netfang: vaerd@vaerd.is, heimasíða: vaerd.is

Sól - Sálfræðiþjónusta fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur
Sími: 532-1500, netfang: afgreidsla@sol.is, heimasíða: www.sol.is

Rudólf Adólfsson geðhjúkrunarfræðingur

Sími: 821-1299

Sérhæfir sig í áfallahjálpi

Magnús Stefánsson - Áfengis, fíkní, fjölskyldu og einstaklingsráðgjafi

Sími: 897-1759, netfang magnusstef@simnet.is, heimasíða: www.magnusstef.is Magnús býður upp á viðtöl á stofu og einnig yfir netið

Aðrar sálfræðistofur og meðferðaraðilar

Félagsmenn geta nýtt sér þjónustu þeirra sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga eða félagsráðgjafa sem þeir kjósa en þurfa þá að leggja út fyrir kostnaði og sækja svo um endurgreiðslu. (ATH. staðgreiðsla skatts er dregin af styrktarupphæð)

Stoðnefnd FÍA

Stuðningur jafningja / Peer Support

Við minnum einnig á öflugt starf Stoðnefndar FÍA.

Fólk hefur leitað til stoðnefndar vegna alls konar vandamála, t.d. ástvinamissis, skilnaðar, gjaldþrots, ástarsorgar og simmakvíða. Stuðningur jafningja getur skipt miklu máli og hefur mikið verið sótt til stoðnefndar að undanfögnu.

Aðalatriðið í þessu er að fólk viti að það er til HJÁLP og hiki ekki við að hafa samband.

Öll mál sem lenda á borði Stoðnefndar eru bundin trúnaði. Hægt er að senda línu á stodnefnd@fia.is eða taka upp tölið og hringja í s: 599-1199 og hægt að óska eftir símtali frá Stoðnefnd án útskýringa.